

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hauks B. Haukssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hauks B. Haukssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heiti minningarsjóður Hauks B. Haukssonar og er stofnaður með frjálsum framlögum frá íþróttahreyfingunni, félögum og einstaklingum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ekkju og börn Hauks B. Haukssonar, sem lést 30. júlí 1973 af slysförum, en hann slasaðist í knattspyrnukapleik með knattspyrnu-deild Ármanns 26. júní 1973.

3. gr.

Minningarsjóðurinn starfar samkvæmt 2. gr. fram til 31. desember 1974. Eftir að starfsemi sjóðsins er lokið skulu gjafir, sem sjóðnum kynnu að berast, renna til slysasjóðs Íþróttabandalags Reykjavíkur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn: 1 frá Knattspyrnudeild Ármanns, 1 frá aðalstjórn Glimufélagsins Ármanns og 1 frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár og endurskoðendur þeir sömu og hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá og jafnframt fara fram á það við skattayfirvöld, að gjafir til sjóðsins verði frádráttarberar frá skatti.

Reykjavík, 22. ágúst 1973.

7. september 1973.

Nr. 282.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hafna í Hafnahreppi, Gullbringusýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 28. ágúst s. l. staðfest aðalskipulagsupprátt Hafna í Hafnahreppi, Gullbringusýslu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hafnahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.